

Börkur Þór Ottósson

From: Kjartan Hjaltason <kjartanhjaltason@gmail.com>
Sent: föstudagur, 31. janúar 2020 23:15
To: Börkur Þór Ottósson; Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson; Katrín Sigurjónsdóttir
Subject: Athugasemdir vegna Túnhverfis.

Við mótmælum öll.

Ætli sé ekki best að byrja allt bréfið á þessum orðum enda breytingarnar ekki að falla í kramið hjá neinum. Ég ætlaði að vera með svaka flott bréf og koma með faglegar athugasemdir yfir hverjum lið fyrir sig bæði fyrir breytingu aðalskipulags og deiliskipulags. En þegar ég settist niður og fór yfir punktana sem ég var búinn að safna saman þá mundi ég þetta er 5 eða 6 tillagan á innan við ári! Það hafa komið athugasemdir og mótmæli við allar tillögurnar en það hefur verið ekki skipt nokkrum sköpuðum hlut. Það á að keyra þetta í gegn sama hvað öllum öðrum finnst og frekar að gefa í en að gefa eftir eins og þið hafið sýnt almennt í þessu ferli sem hefur tekið tæpt ár.

Nú hefur verið sagt að þetta sé lýðræðislegt ferli og allir geti haft áhrif. Hvernig getur það staðist að þetta sé lýðræðislegt? Þetta er fimmta tillagan sem allir næstu nágrannar hafa hafnað með krafti en þá er skíturinn bara settur aftur á blað og reynt með bestu getu að troða ofaníkokið á íbúunum aftur. Sé ekkert lýðræðislegt við það meira vott af einræðishyggju. Að allir geti haft áhrif, Hvaða brandari er það? Þetta er sami skítur og hefur áður komið og stærð 2 byggingarreita verið minnkaður en ekkert annað sem bent hefur verið á.

Kynningin á efninu er búið að vera brandari. Íbúafundur þar sem engu var svarað. Síðan er búið að breyta tillögunum og fólk oft ekki með á nótunum hvað breytingarnar felast í. Kommon þessi kynningarfundur var 6 ágúst. Þessi tillaga var sett fram 11 des sýnist mér á öllu í miðju rafmagnsleysi og hamförum það er ekki annað en hægt að hlægja af því. Hverjum datt það til hugar? Tók sú manneskja ekki eftir því að það voru öll ljós bæjarins slökkt? Og allir annarshugar um veður og vinda, eða var það kannski plottið til þess að sem fæstir myndu sjá þessa auglýsingu?. En þið lengduð frestinn um viku það er svosem virðingartvert, en svo auglýsið þetta viku fyrir síðustu skil á athugasemdum í DB blaðinu sem telst nú ekki mjög víðförrull miðill. Þannig ég trúi ekki að það sé öllum reglum fylgt þarna. Þannig ég spyr Hvar er nennirinn fyrir starfinu? og sanngirnin við íbúana?

Parhúsið 21-22 ofan kirkjugarðs er einhver vitlausasta hugmynd sem komið hefur fram í rituðu máli og mynd síðan risaeðlurnar gengu hér um. Það þarf ekki mjög klárann einstakling til þess að sjá að snjóalög munu umtrunast við þá byggingu hvort sem hún er á einni eða tveim hæðum. Ég veit það að Formaður umhverfissviðs vill meina að það sé ekki ófært þarna nema svona 5 daga á ári en ég veit það fyrir vísit að þetta voru þónokkuð fleiri dagar frá 11 des til 31 des. Mér var tjáð að það yrði frekar þá mokað ef það kæmi bygging þarna en miðað við flest önnur lof og hvernig mokstur hefur verið undanfarið þá dreg ég það allt saman í efa. Allt að tveim hæðum ég veit ekki til þess að þetta orð sé notað í faglegum vinnubrögðum skipulagsstofnunar enda þarf að útlista hámarks hæð veggja sem er vonandi ekki sú sama í þessu tilfelli. Nema auðvitað þið séuð að hugsa um fólk í lægri kanntinum sem gætu skipt húsi á einni hæð í tvennt og orðið þannig tveggja hæða hús.

Parhúsin á lóðum 17 & 19 er enn einn brandarinn í þessu blessaða sprelli hjá ykkur. Hver er hugmyndin á bakvið þetta? Þið segið að svipbrigði munu ekki breytast og að götumynd væri eins. Hvernig vitið þið það en ekki við? Eru þið sem sagt búin að fá að sjá myndir af húsunum sem eiga að rísa þarna en viljið ekki tjá ykkur um það? Eigum

við ekki rétt á því að fá að sjá myndir af þeim þá ? Það var allavegna eitthvað sem ég þurftu að sýna fólki áður en ég fékk stækkunina á lóðinni og stækkunina á byggingarreitnum, sem var reyndar svo bara breyting á byggingarreitnum. Þannig að ég vil ekki þessi parhús á þeim forsendum að þið getið ekki sagt til um það að þau muni ekki koma til með að breyta götumynd frekar en loforðið um að engar breytingar væru í loftinu þegar ég valdi mína lóð til að byggja á.

Sama saga með lóð 40-42 nenni ekki að koma með fleiri komment.

Um alla liðina set ég Meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga nr37/1993,sbr. 12 grein, en þar segir: „stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.”

Enda engin nauðsyn að koma þessu í gegn erum með flott skipulag sem almenn sátt er um. Nú er mesta nauðsyn sveitafélagsins að huga að nýbyggingu nær dalbæ fyrir elda fólk í fasteignum sem er stærra en þau þurfa. Þannig væri hægt að stuðla að nýju fólki til sveitafélagsins. Hugsu til framtíðar! ekki vera með þetta drull uppá þak endalaust eins og við höfum fengið að sjá mikið af uppá síðkastið.

Ég hef allavegna ákveðið að kæra þetta ef þessi tillaga verður samþykkt veit til þess að aðrir ætli að gera það líka ef til þess kemur.

Þá fyrst verður þetta gaman og spennandi þegar allt verður sett upp á yfirborðið hvernig þjóð og nefnd mun taka þessu. Enda efnið sem hægt er að nota endalaust! Og gaman að sjá og sýna öðrum hvað Sveitafélagið hefur miklar mætur á íbúum þess og til í að vinna mikla vinnu gegn þeim án nokkurs vilja til að hitta og finna bestu lausina með þeim (þótt stjórnarsáttmálinn segi það að þau vilji leita farsælustu lausna). Og hverskonar Öryggi á fasteignamarkaði á að hafa þar sem allir geta fengið allt við hliðina á sér ef einhver kaupir hús við hliðina á þér en vill breyta því í parhús þá er það hið minnsta mál enda þarf að nýta þessar götur!

Með von um betri tíma

Kjartan Hjaltason íbúi í Hringtúni 25